

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 4. nóvember kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1230. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Þetta gerðist:

1. Almennadalur 27 - USK25100036

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í hesthúsi á lóð nr. 27 við Almennadal.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Austurbrún 4 - USK25100119

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í íbúð 1302 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 4 við Austurbrún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

3. Álfabakki 2A - USK25030304

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 þannig að breytingar verða á rýmisnúmerum, kjötvinnsla minnkar og gerðar eru smávægilegar breytingar á innra skipulagi 1. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Erindinu fylgir greinagerð brunavarna dags 23. apríl 2025 og yfirlit breytinga.

Einnig er lögð fram leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2025, sbr. afgreiðslufund skipulagsfulltrúa 28. október 2025.

Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 17. október 2023 var samþykkt umsókn um leyfi til að byggja stálgrindarhús, tveggja hæða að hluta á lóð nr. 2A við Álfabakka (USK23080010). Á afgreiðslufundi 20. maí sl. var staðfest ákvörðun byggingarfulltrúa um samþykki breytinga á byggingarleyfinu (USK25030304). Rýmisnúmerum var breytt, kjötvinnsla minnkuð og gerðar smávægilegar breytingar á innra skipulagi 1. hæðar. Ákvörðun um að samþykkja breytingar á byggingarleyfinu byggðu á jákvæðri umsögn skipulagsfulltrúa sem lá fyrir í málinu.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október sl. var samþykkt leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2025, vegna umsóttar breytinga á byggingarleyfinu (USK25030304). Með vísan til framangreinds. er ákvörðun byggingarfulltrúa frá 16. maí sl., sem staðfest var á afgreiðslufundi hans 20. maí sl., að samþykkja breytingar á byggingarleyfinu, afturkölluð, sbr. 1. töluliður 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með vísan til framangreindrar afturköllunar liggur fyrir byggingarfulltrúa að endurákværða í málinu. Á grundvelli leiðréttrar umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 19. maí 2025, yfirliti breytinga og greinargerðar brunavarna, dags. 23. apríl 2025 er erindi USK25030304 samþykkt enda samræmast breytingarnar ákvæðum laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. einkum 1. og 2. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr. og 13. gr. laganna.“

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. Ármúli 6 - USK25050524

Sótt er um leyfi til að innrétta fjórar leikskóladeildir fyrir 64 börn á 2. og 3. hæð þannig að heildarfjöldi barna verður 114 í Múlaborg á lóð nr. 6 við Ármúla.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 27. maí 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 24. júlí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 22. maí 2025 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Bankastræti 5 – breytingaerindi - USK25100037

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050073 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 5 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. ágúst 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Bæjarflöt 10 - USK25100015

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 10 við Bæjarflöt.

Erindi fylgir brunavarnarlýsing frá Lotu dags. 30. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bíldshöfði 9 - USK25100143

Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis og innrétta skrifstofur fyrir alls 11 sálfræðinga ásamt móttöku, biðstofu skjólstæðinga, snyrtingum og starfsmannaðstöðu í rými 0118 í verslunar- og lagerhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldahöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. mars 2025,

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bólstaðarhlíð 38 – breytingaerindi - USK25090433

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030143 vegna lokaúttektar þannig að byggingarlýsing og texti um brunavarnir er endurskoðaður og minni háttar breytingar hafa verið gerðar á útliti leikskólans Stakkaborgar á lóð nr. 38 við Bólstaðarhlíð.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg uppfærð 2. október 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

9. Depluhólar 5 - USK25090068

Sótt er um leyfi til að breyta þaki á bílskúr mhl. 02 úr flötu í hallandi í húsi nr. 5 við Depluhóla. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 21. janúar 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Efstaland 26 - USK25080265

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í einingu 0101, innréttta veitingastað í flokki II, tegund e og innréttta nuddstofu í rými 0105 í verslunar- gisti- og atvinnuhúsnæði á lóð nr. 26 við Efstaland.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Einarsnes 64 – breytingaerindi - USK25100122

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25020049 þannig að milliveggur í bílskúr er felldur niður og vesturhlíð verður klædd standandi borðaklæðningu á lóð nr. 64 við Einarsnes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

12. Einarsnes 66A – breytingaerindi - USK25100121

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25020047 þannig að geymsla í bílskúr er minnkuð, gluggi í geymslu er felldur út og hæðarlegu gólfs í tengibyggingu er breytt í húsi á lóð nr. 66A við Einarsnes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Eiríksgata 19 - USK25090030

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi íbúða hefur verið breytt, gólf í kjallara lækkað og innréttuð þar íverurými og gerð bílastæði á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 19 við Eiríksgötu

Erindi fylgir mæliblað 1.195.2 dags 21.8.2009

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Faxafen 10 - USK25100017

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsnæði á lóð nr.10 við Faxafeni.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags.17. október 2012

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Fiskislóð 10 - USK25090166

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag á 1.hæð og setja nýja lagerhurð og bílalúgu í atvinnuhúsnæði á lóð nr.10 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 31. janúar 2017

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

16. Flugvöllur - USK25100169

Sótt er um leyfi til þess að rífa mannvirki á lóð nr. 58D við Nauthólsvegi.

Erindi fylgir Minnisblað Flokkun framkvæmdaúrgangs dags 31. október 2025 og Excel skjal - Nauthólsvegur 58d - Þyngdir

Stærðir:

Ferm. XX,XX rúmm. XX,XX

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 12 - USK25100249

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta veitingasölu í flokki ? tegund ?, með 2-4 starfsmönnum og biðsvæði fyrir ? viðskiptavini í rými 0103 í verslunar- og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 12 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 28. ágúst 2007.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Grensásvegur 46 - USK25100211

Sótt er um leyfi til að innrétta móttökueldhús og matsal fyrir 100 gesti ásamt tilheyrandi snyrtingum og starfsmannaaðstöðu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 46 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 10. október 2025.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Gylfaflöt 4 - USK25060398

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 þannig að brunavörnum er breytt í iðnaðarhúsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 19. júní 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Hafnarstræti 7 - USK25090133

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í verslunarhúsi á lóð nr. 7 við Hafnarstræti

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 16. maí 2006.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hringbraut 110 - USK25090185

Sótt er um leyfi til þess að breyta og stækka sérbýlishús og breyta notkun að hluta í gistiheimili á lóð nr. 110 við Hringbraut

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttar og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Hringbraut 121 - Breytingarerindi - USK25100336

Sótt er um leyfi að breyta erindi USK24040341 vegna lokaúttekt á lóð nr. 121 við Hringbraut

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hringbraut 121 - Breytingarerindi - USK25100334

Sótt er um leyfi að breyta erindi USK24040341 vegna lokaúttekt á lóð nr. 121 við Hringbraut

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hverfisgata 105 - USK25030331

Sótt er um leyfi til að breyta ásýnd glugga og hurða í útveggjum hússins nr. 105 við Hverfisgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Hyrjarhöfði 3 - USK25100141

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, fjölgun rekstrareininga og smávægilegra útlitsbreytinga á iðnaðarhúsi á lóð nr. 3 við Hyrjarhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. mars 2016

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hátún 10 - USK25100182

Sótt er um heimild til að koma fyrir 10 djúpgámum á lóð nr. 10 við Hátún.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

27. Hólmaslóð 2A - USK25100118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050177 með því að breyta innra skipulagi í rými 0301 og að skipta í þrjár eignir Hólmaslóð 2A sem er mhl. 01 á lóð nr. 1 við Eyjaslóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hólmgarður 24 - USK25020121

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050902 þannig að innra skipulagi íbúðar 0201 er breytt , fallið er byggingu viðbyggingar við suðurhlið en í stað þess settar svalir framan við kvist á suðurþekju íbúðarhúss á lóð nr. 24 við Hólmgarð.

Erindi fylgir uppfært samþykki lóðarhafa og eigenda lóðar nr. 22 við Hólmgarð dags. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. júlí 2016.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Jöfursbás 4 - USK25050072

Sótt er um reyndarteikningar og breytingu brunavarna.

Umsókn fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 20. ágúst 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Krummahólar 51 - USK25100055

Sótt er um leyfi til þess að stækka parhús á lóð nr. 51 við Krummahólar

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 27. júlí 1989

Stækkun:

Ferm. 27,9 rúmm. 89,7

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

31. Köllunarklettsvegur 1 - USK25080155

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059798 vegna lokaúttektar með því að lagfæra brunavarnir, breyta staðsetningu brunaviðvörðunarkerfis og bæta við snyrtingu og skrifstofu í kjallara mhl. 01 á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Lambhagavegur 14 – breytingaerindi - USK25100227

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25030119 þannig að brunatexti byggingarlýsingar er uppfærður fyrir móttökustöð endurvinnslu Sorpu á lóð nr. 14 við Lambhagaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 3. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

33. Laugavegur 16 - USK25050486

Sótt er um leyfi til að rífa og fjarlægja austari hluta húss, hækka þann vestari um eina hæð og byggja steinsteypta viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara á lóð nr. 12b, opna yfir lóðamörk til austurs og innrétta nýtt anddyri/aðalinngang og stækkun á Hótel Skjaldbreið sem þar er, einnig er sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu á baklóð, þrjár hæðir og kjallara og stækka á Hótel Skjaldbreið á lóð nr. 16 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 22. júní 1948

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Leifsgata 11 - USK25090390

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd þar sem innréttuð var vinnustofa í bílskúr á lóð nr. 11 við Leifsgötu.

Jafnframt er ósamþykkt erindi BN061411 dregið til baka.

Umsókn fylgir samþykki meðlóðarhafa.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

35. Malarhöfði 2 - USK25100142

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum byggðum á erindi BN048604, samþykktu 22. desember 2014 og til þess að breyta innra skipulagi og eignarhaldi rýmis 0203 og skipta í tvær einingar, báðar innréttaðar sem kaffistofur annars vegar fyrir rými 0201 og hinsvegar fyrir rými 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Malarhöfða 2, mhl.02, á lóð nr. 2-2A við Malarhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 22. desember 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Njálsgata 31 - USK25090415

Lögd er fram skráningartafla og óskað eftir að fasteignanúmer verði eitt í stað tveggja til samræmis við samþykktar teikningar á lóð nr. 31 við Njálsgötu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að gera yfirlýsingu um sameiningu fasteigna og fella niður þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu þar sem verið er að fækka fasteignum.

37. Rafstöðvarvegur 7 - Leikskóli - USK25100096

Sótt er um leyfi til þess byggja sjö deilda 1.797.9 fermetra leikskóli fyrir 110-130 börn á lóð nr. 7 við Raðstöðvarveg

Stærðir:

Ferm. 1.797,9 rúmm. 6.510,8

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Reykjavegur 15 - Gámur með búnaði - USK24100231

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám á lóð nr. 15 við Reykjaveg

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Skeljanes 8 - USK25100120

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi þannig að opnað er á milli þvottahúss og bílgeymslu sem breytt verður í tómstundaherbergi, geymslu og hjólageymslu auk þess sem bílskúrhurð er fjarlægð á rými 0002, í einbýlishúsi á lóð nr. 8 við Skeljanes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 1. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Smáragata 12 - USK25070343

Sótt er um leyfi til að breyta kvistum, útitröppum og innra skipulagi í húsi nr. 12 við Smáragötu. Erindinu fylgir samþykki eiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

41. Suðurlandsv v/Norlb. - USK25040441

Sótt er um leyfi til að stækka eldra frístundahús á lóð við Suðurlandsveg við Norðlingabraut. Stækkun 18,2 ferm. og 52,4 rúmm. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst dags. 20. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

42. Sóleyjargata 27 - USK25060237

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innrétta alls 9 íbúðir í núverandi gistihúsi á lóð nr. 27 við Sóleyjargötu.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. september 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Súðarvogur 20 - USK25100165

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta skrifstofur, framleiðslurými ásamt starfsmannaaðstöðu og tilheyrandi stoðrymum í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 20 við Súðarvog.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. október 2000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Tryggvagata 15 - USK25060350

Sótt er um leyfi til að endurnýja og byggja ofaná Grófarhús, breyta innra skipulagi og innrétta fyrir Borgarbókasafnið hús á lóð nr. 15 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugge dags. 23. október 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 23. júní 2026, forhönnunarskýrslur frá Eflu um burðarvirki dags. 24. júní 2025 og lagnir og loftþræsingur dags. 20. júní 2025 ásamt orkuramma dags. 24. júní 2025.

Minnkun: 1.268 ferm., stækkun: 372,4 rúmm.

Eftir breytingar: 6.155,5 ferm., 23.735,5 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

45. Túngata 14 - USK25040251

Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi og innrétta snyrtingar í fyrrum geymslum á 1. hæð og í kjallara atvinnuhúss á lóð nr. 14 við Túngötu.

Stækkun: 37,3 ferm., 401 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

46. Vatnsstígur 15 - USK25030301

Sótt er um leyfi til að fella út þakskála tilheyrandi íbúð 0302, sem aldrei var byggður, sjá erindi BN037539 og BN042599, vegna lokaúttektar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 15 við Vatnsstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing/viðauki sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

47. Vorsabær 7 - USK25100168

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum byggðum á samþykktu erindi BN015325 og felst í að byggð hefur verið viðbygging, bílskúr og garðskáli við einbýlishús á lóð nr. 7 við Vorsabæ.

Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Þönglabakki 1 - USK25090329

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta geymslu og vöruafgreiðslu vegna netverslunar í rými 0110, anddyri verslunarinnar Nettó, rými 0101, í verslunarhúsi við Þönglabakka 1, mhl.08, á lóðinni Álfab. 12-16/Þönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 16. október 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Fundi slitið kl. 14:30

Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafðís Anna Bragadóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir